

Formáli *Sýnir ísl. atvafnna, Borg og náttúra* (1999)

Landslagsarkitektúr og hlutverk landslagsarkitekta hafa allt fram á þennan dag verið rangtúlkuð á Vesturlöndum. Kannski er betri orð að finna á öðrum menningarsvæðum en það er þetta sem Trausti Valsson fjallar um, samskipti lands og þjóðar, sem öllu skipta, og leiði af sér heilbriggt, farsælt og öruggt mannlíf á umbrotatímum í viðskiptum og tækni. Hann sýnir í sögulegu yfirliti sínu að á fyrri tímum voru samskipti manns og náttúru nánari. Fyrst í stað var það af hreinni nauðsyn en á 17. og 18. öld lágu til þess fagurfræðilegar ástæður, eins og í gerð ítalskra sveitasetra og enskra skrúðgarða. Þessa heildarsýn, sem á rætur að rekja til heldri manna á fyrri tíð, hefur Trausti tileinkað sér. Hann heldur henni á loft og telur hana fræðilegt fordæmi í arkitektúr, borgar- og umhverfishönnun andstætt núverandi sérhæfingu í þessum fræðum sem hann telur rótina að ýmsum meinum, bæði í Reykjavík og í borgum um víða veröld.

Trausti sýnir okkur aðferð til að flétta saman forsendur landslags og þjóðfélagsgerðar og búa þannig til gott borgarsamfélag og byggir það á ættlandi sínu, Íslandi, og heimabæ, Reykjavík. Hann gagnrýnir þá tilhneigingu manna á 19. öld að skilja að einstaka þætti en lítur fullur vonar til þeirra þjóðfélagsbreytinga sem urðu á síðari hluta 20. aldar en hann tók sjálfur þátt í þeirri breytingaumræðu fyrir 10-20 árum á stúdentsárum sínum í Berkeley.

Ég fagna þessari bók sem er rituð af mikilli skarpskyggni. Hún sýnir fram á hugarfarsbreytingu, í átt til heildrænnar heimssýnar meðal ýmissa af yngri kynslóðinni en því miður ekki meðal hinnar eldri. Í hugmyndafræði Trausta skipa vistfræði og nýjar eðlisfræðikenningar öndvegi. Sé þetta heimfært á borgarhönnun og umhverfisskipulag sjáum við fyrir okkur betri daga fyrir heimilin, borgirnar og landið sem við erum háð, bæði um viðurværi og yndisauka.

Fyrir einum tíu árum samdi ég nýjan formála að annarri útgáfu á bók minni "Introduction to Landscape Architecture" sem ég hafði umskrifað að talsverðu leyti. Ætti ég að gera það aftur núna myndi ég taka upp margt af því sem Trausti hefur skrifað og lagt til í hinu snilldarlega riti sínu og breyta verkinu mínu í samræmi við það.

Michael Laurie
 Prófessor emeritus
 Landslagsarkitektúr og umhverfisskipulagsdeild
 Kaliforníuháskóla í Berkeley

Nýstárlegar hugmyndir um skipulag

BORG OG NÁTTÚRA

eftir Trausta Valsson. 111 bls.
Útgefandi er Háskólaútgáfan

SKIPULAGSMÁL bæja og borga hafa lóngum verið deiluefni, því að kröfur, sem menn gera til byggðar, eru margar og ærið mismunandi. Á fyrstu öldum þéttbýlis og lengi frameftir réð happa- og glappaaðferð ríkjum í skipulagi eða skipulagsleysi.

Smám saman aukast afskipti bæjaryfirvalda af þessum málaflokki, unz allt skipulag er komið í þeirra hendur eins og reyndar má eðlilegt telja. Óvarlegt er að fullyrða nokkuð um það, hvort menntunarskortur hafi verið helzti þrándur í götu þeirra manna, sem fengust við að skipuleggja bæi hér á árum áður. Engu að síður læðist sá grunur að manni, að víðsýni þeirra hafi verið næsta lítið sem ekkert og verkið oft verið unnið eftir hendinni, jafnvel undir stjórn ráðrfkra pólitíkusa.

Flestir kunna eitt eða fleiri dæmi um hrópleg heimskupör. Engum blöðum er um að fletta, að sMpulag byggðar er með þýðingarmestu atriðum hvað varðar líf og heilsu þeirra, sem þar búa. Það er því bráðnauðsynlegt, að vandað sé til þeirra hluta eins og kostur er. Hitt er ekki síður miMlsvert, að settar séu fram ólíkar skoðanir, svo að fólk geti gert sér grein fyrir hvaða kostir eru í boði.

Í bók sinni - *Borg og náttúra* - fjallar höfundurinn, *Trausti Valsson*, um hönnun bæja og samspil þeirra

við víðáttur náttúrunnar. Víða er komið við í þessari umfjöllun, ótal dæmi eru nefnd og fjölmargar skírskotanir í allar áttir.

Þróun skipulagshugmynda er rakin í sögulegu ljósi og lýst hvernig tekizt er á um ólík viðhorf. Einkum verður höfundi tíðrætt um fyllingarkenninguna, það er lögmálið um *gagnstyrkni* eins og hann orðar það, en hann skrifaði einmitt doktorsritgerð um hagnýtingu á þeirri reglu á sviði hönnunar og skipulags.

Andstætt ofan nefndri kennisetningu er „aðferðarfræði sundurskurðarins“, sem hefur verið alls ráðandi um langan aldur. Í þeirri hugmyndafræði er skorið á öll tengsl náttúru og byggðar, svo að samfélagið hefur skipzt upp í sérfræðileg hólfr, svefnhólfr, grænt hólfr, atvinnuhólfr o.s.frv.. Að dómi höfundar er þessi „sundurskurðarlist“ rót helztu meinsemda í nútímasamfélagi.

Með bók sinni vill höfundur koma að sjónarmiðum sínum um hönnun og skipulag bæja á þá lund, að byggðin verði felld með eðlilegri hætti en áður inn í náttúruna og hvergi myndist skörp skil á milli einstakra atriða. Jaðrar einstakra svæða eiga að vera lifandi vettvangur eigi síður en athafnasvæðin sjálf.

Hvers vegna skyldi íbúi við Skúlagötu ekki geta ýtt fleyi sínu úr vör þar eins og bóndi norður á Skaga? Er þeim, sem búa í bæ, ekki jafnnauðsynlegt að geta gengið án teljandi erfiðleika á vit náttúrunnar til þess að anda að sér frísku lofti og þeim, sem í strjálbýli eru?

Sígilt dæmi um leið mistök í skipulagi Reykjavíkur er meðhöndlun á strandlengjunni. Svo má heita, að hvergi sé náttúruleg strönd til innan marka Reykjavíkur og aðgengi að skemmtilegri fjöru er lítið sem ekkert. Ástæðan er einkum sú,

að þeir, sem réðu ferð í skipulagsmálum fyrir á árum höfðu engan skilning á náttúrugildum hafs og strandar. Mjög erfitt er að bæta fyrir mistök þessi nú, þó að menn séu allir af vilja gerðir.

Höfundur leggur talsverða áherzlu á það í bók sinni, að auðvelda þurfi almenningi aðgengi að óbyggðum svæðum og skipulögðum útivistarsvæðum.

Í því efni er tvennt að varast. Í fyrsta lagi, að þeir, sem þangað sækja, kjósa alls ekki allir að láta leiða sig eftir merktum stígum á of skipulögðum svæðum og svo hitt, að mikil umferð jafnvel gangandi fólks, er fljót að setja mark sitt á náttúruna, einkum gróður.

Einn af höfuðkostum Reykjavíkur er nú einmitt sá í samanburði við margar erlendar borgir, að tiltölulega stutt er að fara út í óbyggð svæði og víðlend, þar sem áhrifa manns gætir lítt eða ekkert.

Það er ekki nóg að setja fram gagnrýni, heldur verður líka að benda á leiðir til bóta. Og það gerir höfundur svo sannarlega, því að í sex síðustu köflum bókarinnar reifar hann hugmyndir sínar samkvæmt eigin kennisetningu. Vissulega er hér aðeins um frumdrög að ræða og sjálfsagt þarf að útfæra einstök atriði betur, en höfuðmarkmiðið er engu að síður ljóst.

Framtíðarsýn höfundar er nýstárleg og margar hugmynda hans þess virði að þær séu íhugaðar vandlega.

En ætíð verða úrtöllumennirnir háværir, þegar eitthvað ferskt og framandi er birt. Sjálfsagt má finna ýmsa vankanta

á hugsmíð höfundar við vandlega athugun, og allvíða er djúpt tekið í árinna. Sem dæmi má nefna, að líklega verður seint sátt um að loka fyrir Grafarvog og Fossvog til þess að þar myndist tjarnir.

Trausti Valsson hefur áður samið Trausti nokkrar bækur um sem vakið hafa eftirtekt.

Til þessarar bókar fékk hann styrk og vann að henni í samvinnu við fáeinar stofnanir. Allmargar myndir, kort og teikningar eru í bókinni. Texti bókar er yfirleitt skýr, en þó hefði að ósekju mátt fara yfir hann aftur, gera hann hnitmiðaðri og fækka prentvillum.

Það er ef til vill fullsterkt til orða tekið, að „borgarskipulagið sé í mörgum tilfellum frumorsök hins félagslega og andlega vanda samtímans“, þó að það kunni að eiga hér einhverja sök á, og að því verður að huga meira en gert hefur verið.

Bókin *Borg og náttúra* er skemmtilegt, nýstárlegt en umfram allt hugmyndaríkt og fræðilegt framlag til skynsamlegrar umræðu um skipulagsmál. Hún er því kjörin til þess að vera grundvöllur frjórrar umræðu.

Ágúst H. Bjarnason

Dagblaðið Vísir – DV

1. mars 2000

51. tbl. bls. 15

Ármann Jakobsson:

Deilurit um borgarskipulag

Bókin Borg og náttúra er stefnuyfirlýsing Trausta Valssonar skipulagsfræðings þar sem hann lýsir hugmyndafræðilegum forsendum viðhorfa sinna til borgarskipulags. Áherslan er á hið víða sambengi; hann tengir borgarskipulagið við hugsunarform vestrænna manna, aðferðir í vísindum, tæknihyggju og margt annað.

Í eðli sínu er ritið pólitískt. Höfundur talar fyrir ákveðnum hugmyndum en gegn öðrum. Á hinu víða sviði berst hann gegn vestrænni tvíhyggju og andstæðuþörum hennar. Hann aðhyllist kenningar Johannes Ittens frá Bauhaus um gagnstyrkni, þ.e. að þör geti styrkt hvort annað og skapað heild sem er sterkari en hlutarnir í stað þess að mynda andstæðu. Þessari hugmynd vill hann beita á sviði borgarskipulags.

Önnur andstæða sem Trausti ræðir er sundurskurðaraðferðin sem hann telur setja svip sinn á öll vísindi í stað þess að litið sé til samþættingar. Fer hann enn vítt um svið, tengir umræðuna til dæmis gagnrýni á launastefnu Háskóla Íslands (bls. 19), en meginkenningin er að sundurskurðarvísindin

séu í eðli sínu ekki til þess fallin að efla heildrænan skilning.

Meginandstæðurnar sem fengist er við í ritinu eru þó vél og náttúra. Trausti er gagnrýninn á vélræna hugsun nútímans og ýmsar ríkjandi stefnur aldarinnar. Hann er ákafur andstæðingur fúnksjónalismans og oft ansi harðorður, kallar t.d. Le Corbusier „einn af hættulegustu hugmyndafræðingum“ þessarar stefnu (bls. 22). Dregur raunar stíllinn á bókinni oft dóm af stíl byltingarrita.

Bókin er annars vegar hugmyndafræðileg, hins vegar er fjallað um hagnýt úrlausnarefni tengd borgarskipulagi Reykjavíkur.

Trausti er ómyrkur í máli um það sem hann telur að hafi farið úrskeiðis. Meginádeila hans er á skipulag norðurstrandar Reykjavíkur (Sundahafnar og nágrennis) og telur hann að aðskilnaður strandarinnar og íbúðabyggðarinnar séu mesta skipulagsslys í Reykjavík. Honum finnst að ríkt hafli firringarskeið í skipulagsmálum Reykjavíkur eftir stríð og rekur mörg dæmi þess. Firringarskeiðið sést einkum í tengslaleysi borgar og náttúru. Þetta kallar hann „hinn ömurlega heim módernismans“ (bls. 56) og Háaleitishverfið með blokkum sínum er skýrasta dæmið um hann.

Til úrbóta nefnir Trausti ýmsar aðferðir til tengslamyndunar, t.d. að skapa heild með hring, að ná jafnvægi með sveigðri línu og að skapa samspil með því að stilla gagnvirkum þörum hvoru upp á móti öðru.

Hann sýnir líka ýmis dæmi um hvernig þessum leiðum hefur verið beitt með góðum árangri.

Borg og náttúra er gagnleg bók. Hún er líka skemmtileg og fróðleg. Höfundur fer vítt yfir sviðið og reynir að sjá samhengið í skipulaginu. Fyrir vikið er stundum vaðið á grunnsævi í heimspeki, sögu og víðar. En auðvitað er ekki hægt að kafa djúpt í allt í ritgerð sem tekur á hinum stóru línunum mannfélagsins.

Höfundur talar tæpitungulaust og sumt þykir manni ofsagt. Þó að í bókinni sé tekið á heimspekilegum málefnum er tónninn í henni vart of fræðilegur. Þá finnst þessum rýni höfundur stundum fullneikvæður í garð t.d. fjölbýlishúsa.

Ekki er ég heldur sannfærður um að arkitektúr sé frumorsök vandamála á borð við glæpi, fíringu og eiturlyfjaneyslu (sbr. bls. 66) þó að vera megi að tengsl séu á milli.

Hvað um það. Þetta deilurit er hressilegt og ögrandi. Ekki er hægt að kvarta yfir því að hina viðu sýn skorti eða að höfundur sé ekki ákveðinn í framsetningu. Enginn sem hefur áhuga á borgarskipulagi getur látið ógert að kynna sér efni þessarar bókar.
Ármann Jakobsson

Trausti Valsson. Borg og náttúra. - Ekki andstæður... heldur samverkandi eining.
Háskólaútgáfan 1999.

MORGUNBLAÐIÐ B - MENNING
FÖSTUDAGUR 5. MAÍ 2000, Bls. 7

Samspil borgar og náttúru í byggingarlist

Verkefnið Borg og náttúra hefur verið í vinnslu í eitt og hálf ár og fjallar það um samspil skipulags og arkitektúrs í borginni við náttúruna

ADALÞÆTTIR verkefnisins eru tveir; útgáfa bókar og sýning sem opnar á morgun 6. maí í Ráðhúsinu.

Bókin, sem heitir *Borg og náttúra... ekki andstæður heldur samverkandi eining*, er skrifuð af Trausta Valssyni arkitekt og skipulagsfræðingi. Hún er nýlega komin út hjá Háskólaútgáfunni og *ensk útgáfa hennar kemur út í febrúar*. Í bókinni er útskýrt, að tvenndarpör eins og t.d. borg og náttúra og hús og garður, geta styrkt hvort annað, á hliðstæðan hátt og rautt og grænt í litafræðinni. Með því verður til samverkandi heild sem getur lyft skipulagi og arkitektúr borga á hærra stig.

Bókin hefur verið kynnt á ýmsan hátt í vetur en sýningin mun styðja mjög efni hennar og er tilvalið fyrir áhugasama að kynna sér hvorttveggja efni bókarinnar og sýningarinnar meðan tækifæri gefst.

Sýningin Borg og náttúra verður opin í Ráðhúsinu frá 6.-26. maí.

Þá verða stutt námskeið haldin á sýningunni á vegum hins

Opna háskóla HÍ dagana 8. til 11. maí.

Þá verða einnig skipulagðar ferðir skólabarna á sýninguna.

LÍFID Í LANDINU

UMBÚDA-LAUST



Stefan Jon Hafstein skrifar

Alda hrifningar og áróðurs gengur nú yfir Reykvikinga: Einhverjum hefur dottið í hug að byggja „boorg“ í Vatnsmýrinni til að bæta okkur upp það tjón sem hlýst af því að búa í sveitabörpum. Þarna á að reisa blokkir í þéttum hrönnum svo mjög að Breiðholtid lítur út eins og argasta dreifbýli. Með sögunni fylgir að „íðandi mannlíf“ verði á hverju horni og Egill Helgason sér sjálfan sig í hillingu með expresso, Le Monde og bununa út úr sér um pólitik við sjálfan sig af því að hann er uppskröppa með viðhræðu-hæfa þingmenn. Íðandi mannlíf! Alltaf fylgir það sögunni. Við erum komin á Manhattan, gott ef sýnin er ekki með Woody Allen að gera myndir um sjálfan sig og íbúa þessarar fram-tíðar. Í Vatnsmýrinni. Þegar menn tala um þennan draum segja þeir „boorg“ með svip- aðri innlifun og þegar kvennalastakonan söguð „koonour“: áherslan þætir upp fátækleg inn-tak. Íslenski draumurinn er að vera „erlendis“ og gengur nú aftur í þessu formi.

Trausti Valsson


Það má því segja að bók Trausta Valssonar: „Borg og náttúra“ komi á síðustu stundu. Meginkjarminn í hugsun Trausta er að stefna beri að „gagnstyrkjandi“ sambandi borgar og náttúru þar sem heildarhugsun miðar að því að fyrirbyggja mörg sjúkdómseinkenni borgar-lífs, en nýta kosti þess. Höllaskipting samfélagsins og hugsunar okkar um það er svo gjör-samlega gjaldþrota að það verður að teljast til tíðinda að nú komi fram áskoran sem gengur í herhögg við hana, einmitt þegar Reykjavík stendur á tímamótum. Fagnadórefni að fram komi höfundur sem jafstak fúlslega undir aust-rænar hugmyndir um samspil og jafnvægi, en ekki hinar hefðbundnu um átök og andstæð-ur.

Ný hugsun og ævaform

Við höfum sum bent á að leknavisindin séu klössfást í partahugsun: líftærin eru fiðr til viðgerðar þegar þau klinka, líkaminn í heild bara hugsaður sem skemma fyrir þessi bilana-gjörnu verkfæri og auðvitað ekki í neinum tengslum við andlegt ástíðkomulag. Fólk er því á eilífu hringsóli milli deilda í „heilbrigðis-kerfi“ sem glímur við aðskilin vandamál, en kemur ekki í veg fyrir orsakir þeirra. Ætti að heita sjúkdómakerfið. Er hugsun okkar um hífylfi og byggd á sömu villigötum? Já. Öf. Trausti býður okkur að hugsa um borgina upp á nýtt: sem lífandi veru með líkama og sál, veru sem er í tengslum við umhverfi sitt. Og við, íbúarnir, lífrænu sambandi við hana. Höfundur „Borgar og náttúru“ segir að eignum að hugsa um heilbrigði borgarinnar á sama hátt og meðvitað manneskjia lífr heil-bríðu líkamlegu og andlegu lífi til að forðast sjúkdóma.

Náttúrugildi

Áhersla Trausta á náttúrugildi er tímannna tákni. Heildraen hugsun ryður sér til rúms á öllum sviðum: andlegs lífs, atvinnulífs, menningar. Að sama skapi sér maður ekki betur en



MÍÐBORG Í VATNSMÝRINNI

EFTR ÖMNU SIGRÍDU JOHANNSDÓTTUR

Midborg í Vatnsmýrinni, framandlegur draumur um að París verði flutt með pennastrikum til Íslands, eða bara nýtt og þéttara Breiðholt?

Betri borg?

áhersla hugmyndafræðinganna sem vilja 4-8 hæða blokkir í Vatnsmýrina sé frá fyrri tíma, útrá hugmyndum um borg sem virki. Deilan um flugvöllinn virðist knýja menn til að setja fram „hagkvæmar“ lausnir um mikla nýtingu jarðneðis svo völlumir víki fyrir arósemis-kröfum. Hvers vegna ekki víkja honum fyrir mannlífskröfum? Skipuleggja Vatnsmýrina eins og afrískt sveitabörp eða kjarna af balísk- um fjölskyldu- og vinnusetrum? Ylströnd við Nauthólsvík og óregluleg smáhýsabygging með litlum háttækni- og þekkingaverum, tívöli, hjólastígum, bílabanni og andapollum; gæti orðið hreinn unaðsreitur í skjóli Óskuhlíðar annars vegar og Háskólans hins vegar. Með sýn til sjávar og fjalla og sól mót suðri. Örstutt í miðbæinn. Því draumurinn um „boorg“ á heima þar.

Hvar?

Þessi svokallaði miðbær okkar verður ekkert betri við að byggja upp raðir blokka í Vatns- mýrinni. Hafa menn ekki niður Laugavegin nýlega, og upp Hverfisgötu? Talið skáranu og kumbaldana, trékofana sem taka upp plássid á verðmætusú (?) lóðum borgarinnar? Hvert hrófatilríði ofaná öðru. Og hvað með kofahverfið sem markast af Þjóðleikhúsinu og Arnarvalli annars vegar og circa Hlemini hins vegar. frá Laugavegi og niður að sjó Skúla- götumegin? Hér má reisa háa íbúðaturna með feiknalegu útsýni og koma fyrir skjólgöð-

um verslunargötum undir þeim, jafnvel með „íðandi mannlífi“. Áður en við byggjum loft- kastala í Vatnsmýrinni ættum við að hreinsa- rlega til í þessum svokallaða miðbæ sem til- stendur að „styrkja“ með „baklandi“ suður við Skeiðhjörð. Hann er hreint út sagt ómurlægur.

Þetta yrði bara byrjunin

Allt svæðið vestan Elliðaða kallar á þéttingu byggðar. Áður en við spillum Vatnsmýrinni. Athuga ber hvort endurheimta eigi bestu svæðin í skemmuhverfum fyrir íbúdir. Holu- fylla sem víðast og hreinlega rífa hús sem taka mikid pláss með lítillmótlegri tilveru. Í þessari endurreisn þarf að koma til móts við þá sem vilja búa þétt og gera meiri kröfur um að kom- st á kalfhúis en í samband við sjálfan sig og náttúruna. Uppbygging miðbæjar frá Kvos og upp að Hlemini þjónar slíkt byggð. Við getum sem hægst reist litla Manhattan kringum Laugaveg og Hverfisgötu og til norðurs að Skúlagötu. Austur í borginni eignum við að hlusta á Trausta og marga fleiri sem leggja til að fólk hugi frekar að lífsgeðum en fermetra- fjölda: byggja lífræn hús með smágörðum, sól- stofum, pottum og lífsrími sem hvetur til virkni en ekki aðskilnaðar og fíringar. Við höfum ótal tekufæri til að koma til móts við ölfar þarfir í Reykjavík. En fyrst og fremst eignum við að gera það með hugsun af því tagi sem Trausti Valsson boðar: að maður- inn og umhverfi hans séu eit.

MENNINGAR LÍFID

Afmalisveisla Sí
A morgun eru ná- svæmlega fimmtu- r lóðin frá því Sí- óntuhljónsveit Ís- lands hélt Ána fyrstu tónleika í Austurbjarkjólí, þann 9. mars 1950. Síntónuhljónsveit Ís- lands heldur því upp á hálfirar- áldar afmæli sítt á þessu ári og í morgun verður sérstakir af- mælistónleikar í Háskólabíói.



Ána Sif

Hljónsveitir hef- ur vaxið og áafnað á þessari háttu öllu sem lóðin er frá því hún tók til starfa við ótrygg- skilyrði og andúð margra. Óþætt er að ætla að hún standi nú á há- tindi ferlis síns og því ætti enginn ís- lenskur tónlistarunandi að láta hjá lóða að bregða sér á tónleika hljónsveitarinnar um það slagid.



Rico Saccani

Á tónleikunum á morgun mun hljónsveitin frumlytja í Íslandi eina af meiraháttar hljómkvíðum tónlistarsögu- nar, sem er Síntóna nr. 3 eftir Gustav Mahler. Verkið er rísa- vaxið og fjallar um sköpun heimsins. Það má því þrást við hátíðlegri stemmningu í Há- skólabíói annað kvöld. Stjórn- andi verður Rico Saccani, aðal- hljónsveitastjóri Sí, en ein- söngvari er Barbara Deaver tveggjóspran. Þarna- og kvennakór Íslensku óperunnar taka einnig þátt í flutningi þessarar stórfenglegu síntónu. Miða má þarfa í síma 562 2255 eða kaupna við inngang- inn.



Einar Bragi

Einar Bragi fær menningar- verðlaun
Sænsk-Íslenska menningarsjóðin veitti Einar Braga rithöfundu pening- gjöf að upphæð 25.000 sænskar krónur síðastliðinn föstudag, sem skáldid tók við úr handi fornmanns sjóðsins, Sveins Hun- arssonar. Gjöfin er viðurkenning sjóðsins á mikilværu framlagi Einar Braga til að auka þekkingu Íslensku þjóðar- innar á sænskum bókmennta- verkum. Einar Bragi hefur meðal annars þýtt öll leikrit Águsts Strindberg á íslensku.

Launin og leyndarmálin

Í athyglisverðum auglýsingum Flóabandalagsins sem birst hafa í fjölmiðlum síðustu daga hefur mektarfólk úr ýmsum starfsstét- tum verið stillt upp sem andstæð- um við láglanafólkid og er þar viðurkennid séu staðreynd að lægstu laun séu alltof lág. Þannig er í Mogganum sl. sunnudag Gísla Pálssyni prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands stillt upp sem andstæðu Jóhönnu Sigurðardóttur leikskólaleiðbeinanda, sem er með 97.700 kr. í mánaðalaun. Lægstu tæxtar eru náttúrulega allt of lágir. Það gefur auka leið að þeim þarf að breyta,“ er haft eftir Gísla, sem tekur fram að sín laun séu einkamál.

MENNINGAR VAKTIN



Sigurður Bogi Sævarsson skrifar

merkilegra að allt það fólk sem hér er að framan nefnt starfar hjá fyrir- tækjum og stofnunum sem eru í opinberri eigu, sem vekur auðvitað upp spurningar um hver launa- stefna hins opinbera í rauninni sé. Hún hefur til þessa verið nokkuð gagnse, en auglýsingar síðustu daga benda til að þetta hafi breyst og málið snúist upp í einn stóran feleuleik?

Góð laun einstakra manna eða stétta eru í edli sínu ekki vandamál. Vandinn er sá að fjöldi einstaklinga getur með engu móti framflýtt sér og sínum af þeim launum sem eru í um- slaginu um hver mánaðamót. Að minnsta kosti öfunda ég ekki Jóhönnu Sigurð- dóttur einstæða móður með tvö börn að þurfa að hafa í sig og á af þeim rétt tæpa hundrað þúsund kalli sem hún fær má- naðlega. Kjör Jóhönnu þarf að bæta.

Hrein og klár sjálfþaka

Engum vafa er undirþopið að jarðeðla- fræðingurinn, mannfræðingurinn og allir

„Engum vafa er undirþopið að jarðeðlafræð- ingurinn, mannfræðingurinn og allir þeir í auglýsingum Flóabandalagsins vilji af heilum hug styðja launabætur til þeirra sem þeir virkilega þurfa,“ segir m.a. hér í greininni.

hinir sem fram hafa komid í auglýsingum Flóabandalagsins vilja af heilum hug styðja launabætur til þeirra sem þær virkilega þurfa. Um það markaðid á að nóst þjóðarsátt enda hafa kónnarir sýnt að 90% þjóðarinnar eru tilbúin að draga úr sínum launakröfum svo leiddetta megi lægstu tæxtar. En hvers vegna þetta launapunktur? Auðvitað hefur góðærid í landinu komid öllu á skrid og laun margra starfsetta hafa rokið upp og sumir eru kómmir í hreina og klára sjálfþoku, rétt einsog bankadregirnir í FBA, en útvaldir



í þeirra höndi skammta sér sautján milljónir í árslaun. Þau launakjör hafa valdid hneykslan úti í fjöðfélaginu og skyldi eng- an undra. Drengjábánnir á þó hrós skilid fyrir að gefa okkur upp hver laun starfsfólksins eru. Það gerir fólkid í auglýsingum Flóa- bandalagsins hins vegar ekki og það gefur okkur tiléfini til ætla að híd opinbera- sem hingað til hefur rekið nokkuð gagn- sæja launastefnu, sé farið að stúla að misrétti í raun þó annað sé látið í veðri vaka. sigurdur@dagur.is

ÞJÓDMÁL

Góður granni náttúrunnar

UMBÚÐA- LAUST



Stefán Jón
Hatstein

Skrifar

Menningarborgin Reykjavík hefur að yfirskrift: Next door to nature! Borgin á víst að vera góður granni náttúrunnar. Svo vill til að þessa dagana lynnir Kópavogur tillögur um að „next door to nature“ verði kjallaradyrnar að ruslatunnu-

geymslu blokkahverfis sem á að rísa við Elliðavatn. Sátt hefur tekist um að þeirinn taki eignarnámi stóran hluta Vatnsenda-lands til að byggja á.

Velviljunó athugun

Sjálfsgætt er að athuga þessi áform með velvilja út frá hagsmunum bæjarins. Kópavogur á lítild byggingarland eftir. Hann fær tækifæri til að skipuleggja 5000 manna byggð og gótt betur. Sátt næst við íbúa á jörðinni Vatnsenda: Þeir fá verðmæti sem lauslega eru metin frá hálfum upp í einn milljard. Hver myndi slá hendinni á móti slíku? Einkum liggja verðmætin í því að þeir fá að skipuleggja byggð, reisa og selja hús á landi sínu.

Meiri velvilji

Þegar hefur verið skipulögð byggð í landi Vatnsenda. Lágrelst byggð hefur risið með gróskumiklum lóðum og leyfilegt að hafa rúmt um sig með dýralahd og annað, enda þjónusta bæjarfélagsins við byggðina takmörkuð. Löngu er vítt að byggð myndi þéttast í landi Vatnsenda og hafa menn sæst á þá staðreynd út frá þessu forðæmi. Nú er hugmyndinni um „sveit í borg“ hafnað.

Aðrir hagsmunir

Elliðavatn er í dag „villt“ vatn



Fimm hæða blokkir kringum einbýlishúsbýrpingar á vatnsbakkannum?

með óspilla bakka, fiska- og fuglalíf. Það er hluti af vist- og vatnskerfi Elliðaáa sem nú er í nauðvörn. Það tengist við vatnsból Reykjavíkur og er vinsæll útivistarstaður veidimanna, hestamanna, göngufólks -sumar og vetur - auk þess sem frá vatninu liggja ósnert lönd inn í Heiðmörk og áfram austur í Bláfljól.

Elliðahvammur og landið með bakkannum og upp í hæðina verður nú eins og hvert annað Voga- og Heimahverfi þar sem ekki vex villt strá, valtað yfir móa og grundir, gerð uppfylling út í vatnið, rétt ofan við vatnsbakkann verður leikskóli, en svo taka við fimm hæða blokkir og í skjóli þeirra verslanakjarnar og tilheyrandi videoleigur og bensínstöðvar sem þarf í boðlegt úthverfi. Gera á nýjar götur inn í

hverfið, sem og niður að þyrpingum húsa við vatnið.

Það eru beinir hagsmunir allra höfuðborgarbúa að þessi áform fari í umhverfismat, en svo ótrúlegt sem það kann að virðast er það ekki skýlt.

Sambýli borgar og náttúru

Fegurðin við Elliðavatn hefur ekki falist í því að þar er óbyggð. Í Elliðahvammum er reuslegt bú. Undanfarin ár hafa risið hús meðfram vatninu og önnur gerð upp, sumarbústaðir og heilsárs-hús. Slík þróun er sjálfsgöð. Þarna hafa borg og náttúra saumast saman á jafninum með hrifandi hætti. Nákvæmlega á þann hátt sem nú er mjög í tisku og Menningarborgin gerir að aðalsmerki sínu. Á þann hátt sem Trausti Valsson gerir að umtalsetni í viorukenntri

bók sinni frá í vor. Á þann hátt sem er til sóma byggð sem vill draga andann og lifa í sátt við umhverfi sitt. Á þann hátt sem ekki ógnar mjög viðkvæmu vistkerfi sem nú þegar er í vörn.

Skilningur

Fólkid á Vatnsenda á rétt á að gera verðmæti úr eign sinni. Auðvitað þarf Kópavogur að þróa byggð áfram. Á móti koma svo unaðshagsmunir þeirra þúsunda íbúa höfuðborgarsvæðisins sem njóta nú þegar þessarar perlu og munu í vaxandi mæli í framtíðinni. Á móti koma líka náttúruhagsmunir sem verður að taka tillit til vegna vatnsins og lífsins í því og við það.

Er Kópavogsbær að lýsa því yfir nú að ekki sé nokkur leið að setta þessi sjónarmið? Þetta er sú spurning sem blasir við og

engin viðhlítandi svör fást við. Er ekki hægt að greiða Vatnsenda-fólkinu sannvirði með öðrum hætti? Þarf Kópavogur að ganga svo niðri landinu? Hvers vegna hafa aðrir hagsmunir - náttúru og útivistar - ekki fengið ítarlega málsmeðferð?

Firring

Sá sem hér skrifar á hagsmuna að gæta. Í barnaeskun kynntist ég vatninu sem ungur veidimaður með prik og flotholt á reiðhjól. Hin síðari ár hef ég séð vatnið og umhverfið breytast í fjúlsóttu paradís borgarbúa, vegna þess að ég á bústað við vatnið. Hann er reyndar langt utan við hið skipulagða svæði og ég með loford frá Magnúsi heitnum Hjaltested Vatnsenda-bónda, sem lést í vetur, að ég þyrfti aldrei að fara frá trjáhrislinum mínum „fyrr en við værum löngu dauðir báðir“. Hagsmunir okkar sem þekkjum vatnið hafa aldrei falist í því að eiga það í friði fyrir öðrum eða berjast gegn byggð og umferð fólks. Þvert á móti: Það hefur verið gleðilegt að sjá hvernig útivistarparadísin hefur blómst með aukinni notkun og æ fleiri tekið áskorun okkar sem til þekkjum að koma og njóta.

Andstaðan við núverandi áform heinist ekki að því að koma í veg fyrir að Kópavogur auki byggð, eða að Vatnsenda-fólkid geri sér verðmæti úr eign sinni. Þvert á móti. Óskinn er um að borg og náttúra fái að gróa saman báðum til heilla; þeir hagsmunir útloka alls ekki hina.

Hér er lágmarkskrafa að fyrirhuguð byggingaráform fari í umhverfismat. Athugasemdir um þessi áform þurfa að berast skrifstofu Kópavogsbæjar fyrir kl. 15 næsta föstudag, 15. september.

Óskað eftir viðræðum



ÖGMUNDUR
JONASSON
áþingismaður
SKRIFAR

Það voru góð skilaboðin sem bárust úr heilbrigðisráðuneytinu á forstöðu Dags hinn 24. ágúst síðastliðinn. Þar gaf heilbrigðisráðherrann Ingibjörg Pálmadóttir afdráttarlausa yfirlýsingu þess efnis að ekki yrði ráðist í frekari einkavæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar en þegar heildi verid afraðið að gera og vísaði ráðherra þar í heilsugæslustöð í Grafarvog sem setti að einkavæða í tilraunaskyni. Allar rannsóknir benda til þess að niðurstöður slíkra tilrauna erlendis frá bendi til þess að opinber heilbrigðisþjónusta sé bæði hagkvæmari í rekstri og kostnaðarminni þegar til lengri tíma er liðið en einkarekin. Láttum þú þó liggja á milli hluta að sinni. Hitt skiptir miklu máli að heilbrigðisráðherra ætli að standa á því að ekki verði látið undan kröfum fjármála- og markaðarins og ein-

stakra lækna um einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar.

Lystaukandi morgunverður hjá Verslunarráði

Á morgunverðarfundum Verslunarráðs Íslands fyrir skammtu setti rekstri Íslandsbanka-FBNA fram þá kröfu að ríkið dragi sig út úr rekstri velferðisþjónustunnar og nefndi hann bæði menntakerfið og heilbrigðisþjónustuna í því sambandi. Vakti forstjórinn sérstaklega athygli morgunverðargesta Verslunarráðsins á því að þriðjungur af útgjöldum ríkis og sveitarfélaga rynni til heilbrigðisgeirans. Eflaust hefur þetta ekki dregið úr lyst matargestanna sem flestir eru miklir áhugamenn um að finna leiðir til að ávaxta sitt pund. Erlendis er þess víðast hvor farið að gæta að fjármála- og markaðarinn vilji sölsa velferðarþjónustuna undir sig einfaldlega vegna þess að innan hennar eru rekin verkefni sem ætíð þarf að sinna í samfélaginu, menntun og uppræðslu og síðan að sjálfsgöðu heilsugæslunni. Þarna er auðfengið fé sem bæði kemur úr almennasjóðum og eftir atvikum einnig með notendagjöldum.

BSRB hefur varað við þeirri félagslegu mismunum sem er óhjákvæmlega fylgiskur einkavæðingarinnar. Bent hefur verið á að með þeirri gjaldtöku sem þegar er við lýði í heilbrigðisþjónustunni sé þess þegar farið að gæta að efnalítið fólk skirrist við

„Með bréfi sem sam-
tökin hafa nú sent til
heilbrigðisráðherra
er verið að bjóða upp
á þetta tvennt: að
taka þátt í vörninni
og sókninni fyrir
heilbrigðisþjónust-
una í landinu.“

að leita læknis. Þetta hefur meðal annars gengið staðfest í athugunum sem gerðar hafa verið á vegum landlækniseimbættisins. Verðt enn bætt í við gjaldtöku stefnir í mikið óefni. Í bæklingi sem fjármálaráðuneytið gaf út á sínum tíma um einkaframkvæmd

er skýrt tekið fram að með einkaframkvæmd sé hugmyndin sú að auka gjaldtökupáttinn við reksturþjónustunnar. Á mannamáli þýðir þetta skólagjöld og hvers kyns sjúklingagjöld. Í þessu ljósi eru það því góð tíðindi að heilbrigðisráðherra skuli lýsa því yfir að ekki verði ráðist í frekari kerfisbreytingar í þessa veru á kjörtímabilinu.

Samtök launafólks vilja bæta þjónustuna

